

Stefna í varnar- og öryggismálum

Umsögn frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu við 251. mál á 157. löggjafarþingi

Þessi misserin eru miklir umbrotatímar á alþjóðasviðinu. Alvarlega er grafið undan alþjóðakerfinu og átök magnast víða um heim. Viðbrögð stjórnvalda nokkurra helstu hátekjuríkja heims hafa verið að stórauka framlög til hefðbundinna varnarmála á sama tíma og þau hafa dregið verulega úr fjármögnun til hjálparstarfs og þróunarsamvinnu í lágtekjuríkjum. Auk þess segja tölurnar aðeins hálfa söguna. Hluti útgjalda til þróunaraðstoðar stendur undir þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd innan framlagsríkja og Úkraína er orðin einn stærsti viðtakandi þróunarframlaga. Þetta eru mikilvæg verkefni, en þessi áherslubreyting hefur komið niður á stuðningi við lífsbjargandi verkefni í fátækustu ríkjum heims.

Alþjóðleg þróunarsamvinna stuðlar að stöðugleika og öryggi

Það er skammgóður vermir að færa fjármagn til á þennan hátt því sá mikli samdráttur sem nú er að verða í alþjóðlegum fjárfestingum í uppbyggingu heilbrigðis-, mennta-, lýðræðis- og atvinnumála í lágtekjuríkjum (þróunarsamvinnufé) mun leiða til aukinnar fátæktar og ójöfnuðar, fólksflóttu, vopnaðra átaka og útbreiðslu smitsjúkdóma. Allt eru þetta ógnir sem minnka öryggi í alþjóðakerfinu og kalla á kostnaðarsamar aðgerðir til að bregðast við. Fjárfesting í alþjóðlegri þróunarsamvinnu er fjárfesting í stöðugleika og öryggi.

Að þessu sögðu er þakkarvert að íslensk stjórnvöld hafa sýnt staðfestu og stuðning í verki. Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 var samþykkt einróma sem ályktun Alþingis fyrir tveimur árum. Í henni er áréttað það lykilhlutverk sem alþjóðleg þróunarsamvinna gegnir við úrlausn þeirra fjölpættu áskorana sem heimurinn stendur frammi fyrir, „því hún stuðlar að aukinni velsæld, sjálfbærni og jöfnuði sem getur af sér stöðugleika, allri heimsbyggðinni til hagsbóta.“ Þessi afstaða endurspeglar jafnframt í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar, þar sem fram kemur að nálgun íslenskra stjórnvalda varðandi varnar- og öryggismál hafi m.a. birst í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu minna á hversu mikilvægt framlag Íslands er til ákveðinna málaflokka á alþjóðasviðinu. Það er því ánægjulegt að sjá áframhaldandi stuðning við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Það er reynsla félaganna af stöðu verkefna í þróunarsamvinnu að aldrei hafi verið jafn mikilvægt og nú að Ísland standi með þeim málaflökki sem sótt er að úr öllum áttum. Hvað varðar stefnu í varnar- og öryggismálum felur sú áhersla í sér að þátttaka kvenna sé tryggð á öllum sviðum ákvarðanatöku og þátttöku, auk þess sem gríðarlega mikilvægt að tekið sé mið af kynjasjónarmiðum við ákvörðun fjárveitinga.

Samfélagslegir innviðir og öflugt borgarasamfélag lykillinn að áfallapoli

Meðal megináherslna stefnunnar er að efla áfallapol íslensks samfélags. Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu vilja benda á mikilvægi þess að áfallapol skólakerfisins sé sérstaklega skilgreint sem liður í samfélagslegum viðnámsþrótti. Skólar gegna margháttaðu hlutverki í samfélaginu; þeir eru allt í

senn miðstöð menntunar og gagnreyndra upplýsinga, lýðræðisumræðu, skjóls, stöðugleika og vonar. Það vegur að seiglu samfélagsins á öllum stigum þess ef skólar loka og menntun barna er stefnt í voða.

Grunnhlutverk skóla og menntakerfisins í seiglu samfélaga og enduruppbyggingu þeirra eftir átök er kjarnaáhersla í þróunarsamvinnu, þar sem oftast er ekki verið að fjárfesta í ríkjum í kjölfar átaka og náttúruhamfara. Eðlilegt væri að stefna í öryggis- og varnarmálum endurspeglandi betur þann veruleika og sérstaklega væri hugað að áfallaþoli skólakerfisins í stefnunni.

Þá er mikilvægt að benda á það að viðnámsþróttur samfélags ræðst að miklu leyti af því hversu sterkt borgarasamfélagið er. Í nútímaöryggisumhverfi geta ógnir birst í formi netárása, upplýsingaóreiðu, efnahagslegra truflana og félagslegrar ólgu. Því er nauðsynlegt að horfa á öryggi sem heildarhugtak þar sem borgarasamfélagið gegnir lykilhlutverki. Stuðningur við frjáls félagasamtök er þannig mikilvægur hluti af stefnu í öryggismálum innanlands og á alþjóðavísu.

Fullfjármögnuð stefna um þróunarsamvinnu verði áhersluatriði

Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu ítreka þá afstöðu sína að öflug þróunarsamvinna sé grundvöllur fyrir friði, stöðugleika og öryggi í heiminum. Brýnt er að stefna Íslands í varnar- og öryggismálum taki mið af því og litið verði á öfluga þróunarsamvinnu sem hluta af öryggis- og varnarhagsmunum Íslands. Félögin ítreka jafnframt mikilvægi þess að gildandi stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu sé fylgt, líkt og fram kemur í umsögn samtakanna við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 þar sem lagt var til að framlög til þróunarsamvinnu verði hækkuð þannig að þau nái a.m.k. því markmiði sem Alþingi samþykkti í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Framangreindum sjónarmiðum mætti mæta með því að bæta nýjum tölulið við stefnuna, svohljóðandi:

Að stuðla að öryggi, lýðræði og friði á alþjóðavísu með fullfjármagnaðri stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu.

Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að gera nánar grein fyrir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Tóttla I. Sæmundsdóttir,
framkvæmdastjóri

f.h. UN Women á Íslandi

Stella Samúelsdóttir,
framkvæmdastjóri

f.h. Hjálparstarfs kirkjunnar

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri

f.h. UNICEF á Íslandi

Birna Þórarinsdóttir,
framkvæmdastjóri

f.h. Rauða krossins á Íslandi

Gísli Rafn Ólafsson
framkvæmdastjóri

f.h. ABC barnahjálpar,

Hrönn Svansdóttir,
framkvæmdastjóri